RNSA

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

# LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-00712/AIG-06**

Dags: **18. apríl 2012**

Staður: **Reykjavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Stélkastaðist í lendingu**

Einkaflugmaður ásamt einum farþega var að koma inn til lendingar á flugbraut 13 á Reykjavíkurflugvelli á flugvélinni TF-FUN (Champion 7ECA), sem er stélhjólsvél. Í lendingu virtist sem vindur hefði komið undir vinstri væng og lyftist flugvélin tvisvar sinnum frá jörðu. Eftir það stélkastaðist hún í lendingarbruninu með þeim afleiðingum að hægri aðalhjólabúnaður gaf sig. Við rannsókn kom í ljós að vindur mældist 75°/12 hnútar með hviðum í 17 hnúta þegar atvikið átti sér stað og má því ætla að áhrif hliðarvinds hafi verið um 9-14 hnútar. Reynsla flugmannsins var um 299 flugtímar, þar af 27 flugtímar á þessa flugvél.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.